

Hólmavík
8. desember 2024

Yfirlýsing vegna bókunar

Til að áréttu mál sem bókað var í fundargerð nr. 1369 á sveitastjórnarfundi Strandabyggðar þá teljum við, Óskar Hafsteinn Halldórsson, Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir og Jóhann Lárus Jónsson, að við þurfum að upplýsa um eftirmála þessarar bókunar.

Aðdragandi málsins er sa að þann 04. október hringdi Jóhann í Sigríði og Óskar til að ræða sveitarstjórnarmál, niðurstöðu KPMG og stuðning þeirra við Þorgeir Pálsson. Á sveitarstjórnarfundi þann 8. október bókuðu Sigríður og Óskar að þeim hafi verið hótað í aðdraganda fundarins. Notuð voru sterk og ómálefna leg orð sem Óskar og Sigríður tóku sem hótun í sinn garð. Það var ekki það sem Jóhann lagði upp með sem tilgang símtalsins.

Við, undirrituð, hittumst á fundi mánudaginn 25. nóvember síðastliðinn til að ræða saman og vinna úr þessu máli. Á fundinum var rætt um það sem fór fram í símtölunum og Óskar og Sigríður sögðu frá sínum upplifunum. Jóhann talaði um að mögulega hefði eitthvað verið óheppilega orðað í símtalinu og fannst leitt ef að þau hafi upplifað það sem hótanir en fullvissaði þau um að það var ekki ætlunin.

Eftir ítarlega yfirferð og málefna legar umræður komumst við að sameiginlegri niðurstöðu að um væri að ræða mjög mismunandi sýn og túlkun á símtölunum. Við höfum nú náð sáttum og erum einhuga um að málín sé lokið okkar á milli.

Jóhann L. Jónsson
Óskar H. Halldórsson
Sigríður G. Jónsdóttir